



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2017

## ENSK1HA05

### Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Kristjana H. Bárðardóttir/Guðfinna Gunnarsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>KHB/GG</b>
------------------	---	---------------	---------------

#### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunatriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennd eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

**Undanfari:** Einkunnin C og C+ úr grunnskóla.

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

**Námsefni:**

New Headway Intermediate Student's book (4th ed.)	Soars
Used in Evidence (short stories)	Forsythe
A Matter of Chance (novel)	Hill
Efni frá kennara	

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá áætlun á Moodle.**

**Sérreglur áfangans:**

Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Moodle.

Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til.

**Fyrirkomulag námsmats:**

Dæmi:

Námspáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway lokapróf	Skriflegt próf	20%
Orðabókarverkefni		5%
A Matter of Chance	Skriflegt próf og munnlegt próf	10%
Smásögur	próf	5%
Ritun	3 verkefni	10%
Ýmis verkefni		10%
Verkefnamappa – skilað í lok annar		40%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**3. jan. 2017**

**Guðfinna Gunnarsdóttir og Kristjana Hrund Bárðardóttir**